



Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dagskrá fundar:

1. Ávarp formanns
2. Staðan í kjaraviðræðum – Árni Stefán og Garðar Hilmarsson
3. Ágúst Arnarson hagfræðingur HÍ fjallar um launaskriðs- og launaþróunartryggingu og um breytingar á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.
4. Kaffi
5. Fyrirkomulag á kosningu í fulltrúaráð

Dags. 27.06.2019	Kl. 13:00	Staður: Grand Hótel
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Ávarp formanns

Árni Stefán setti fundinn, fór yfir dagskrána og skipaði Garðar Hilmarsson fundarstjóra.

2. Staðan í kjaraviðræðum

Árni fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum en lítill gangur er í þeim. Nú hefur ríkissáttasemjari mælt með að hlé verði gert á viðræðum í nokkrar vikur á meðan meginþorri landsmanna er í sumarfríi. Ríkið hefur samið við Sameyki að breyta viðræðuáætlun og að stefnt sé að gerð nýs kjarasamnings fyrir 15. september 2019. Á þeim tíma ríkir friðarskylda. Þar sem langt er síðan gildistími síðustu kjarasamningar runnu sitt skeið er sátt um að greiða hverjum starfsmanni kr. 105.000,- (miðað við fullt starf). Þetta yrði eingreiðsla 1. ágúst og sem innágreiðsla upp í nýjan kjarasamning.

Fyrirspurn úr sal (Ásta) um Grund / Ás sjálfseignarstofnanir – gildir þetta samkomulag um þau líka? Árni svaraði að Sameyki er búið að gera þetta samkomulag við fleiri samningsaðila og félagið mun senda bréf á alla viðsemjendur og skora á þá að gera það sama.

Fyrirspurn úr sal hvort eldri borgarar fái þessa eingreiðslu. Árni sagði svo ekki vera, þetta er ekki hluti af kjarasamningi og eldri borgarar eru ekki á launum hjá ríkinu.

Fyrirspurn úr sal (Ingibjörg) – Af hverju er ekki pressað á að halda áfram með samninga. Árni sagði að sumarið sé ónýtur tími, allir komi ferskir að viðræðuborðinu eftir sumarið.

Árni fór yfir hvað rætt er um við ríkið. Stytting vinnuvikunnar en tilboð ríkisins er: 36:15 tímar án borgunar á neysluhlé/kaffi. Það þýðir styttingu um 45 mínútur á viku, eða 9 mínútur á dag.

Reykjavíkurborg er búið að leiða hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar í mörg ár, hafa verið með tilraunaverkefni og sýnt góðan ávinning af því. VR samdi um þessar 9 mínútur og samdi af sér og Sameyki mun ekki semja á þessum nótum. Annað í viðræðum við ríkið er jöfnun launa milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði. Útreikningar eru flóknir og sér ekki fyrir endann á þeim.

Launaþróunartrygging – Sameyki gerir kröfu um sama fyrirkomulag og var samið um á almenna markaðnum.

Breytingar á orlofsávinnslu – ríkið hefur boðið að 30 dagarnir náist eftir 7-10 ára starfsaldur. Sameyki hefur viðrað hugmynd um 0-1-3 ár í starfi (24, 27 og 30 dagar) og að starfstími á öllum vinnumarkaðinum væri metinn í þessu tilliti.

Garðar Hilmarsson fór yfir kjaraviðræður við Reykjavíkurborg sem hefur lagt fram tillögu um að næsti samningur gildi frá 1. apríl 2019 til 28. febrúar 2023, launataxtar í grunnþrepi hækki um kr. 17.000,- (samtals krónutöluhækkun á samningstímanum verði 68.000,-). Vinnutími skal vera 37 stundir, neyslulhé heimil allt að hálf klukkustund, önnur hlé teljast ekki til vinnutíma.

Reykjavíkurborg stingur upp á að orlofsávinnsla breytist, 24 dagar miðað við starfsaldur 0-5 ár, 27 dagar eftir 5-10 ára starfsaldur, 30 dagar eftir 10 ára starfsaldur. Reykjavíkurborg hefur ekki samþykkt innágreiðslu upp á kr. 105.000,- ennþá.

Sveitarfélögin vilja elta borgina í vinnutímastyttingu, en þeirra hugmynd er að orlofsávinnsla ætti að vera eftir 0, 3 og 7 ár í starfi.

Fyrirspurn úr sal, Bjarki, spyr um greiðslur sem starfsmenn á sambýlum fá fyrir að matast með skjólstæðingum, eins og leikskólustarfsmenn. Borgin vill setja slíkar greiðslu inn í launatöflu hjá leikskólum. Garðar sagði að þetta yrði ekki samþykkt mótþóralaust.

3. Ágúst Arnarson hagfræðingur HÍ

Hann fór yfir launaþróunartrygginguna sem varð til í rammksamkomulagi 2015 og kom fyrst til framkvæmda í nóvember 2016.

4. Kaffi

5. Fyrirkomulag á kosningu í fulltrúaráð

Árni Stefán kynnti reglur um kosningar til fulltrúaráðs Sameykis. Skv. lögum félagsins skal trúnaðarmannaráð kjósa fulltrúa úr sínum röðum í fulltrúaráð.

Breyta þarf grein um fjölda fulltrúa frá hverjum landshluta, Reykjanes ætti að vera með 2 fulltrúa eins og aðrir upptaldir landshlutar. Árni bar þessa breytingu upp og var hún samþykkt.

Garðar H. fundarstjóri bar reglurnar í heild sinni upp til samþykktar. Þær voru samþykktar af öllum fundarmönnum. Reglurnar verða senda trúnaðarmönnum.

6. Önnur mál

Næsti fundur trúnaðarmannaráðs er áætlaður 11. september.

Fundi slitið kl. 15:10